

Nd.

761. Nefndarálit

um frumvarp til laga um fasteignamat.

Frumvarp þetta er komið frá háttv. Ed. Nefndin vill taka undir það með nefnd þeirri er þar var skipuð í málið, að hjer sje um mesta nauðsynjamál að ræða, hvort sem litið er á slíkt mat sem undirstöðu undir nýrri skatta-

álögu eða frá landhagfræðilegu sjónarmiði, og leggur því eindregið til að mál þetta nái fram að ganga á þessu þingi.

Nefndin sér þó ástæðu til að leggja það til að ýmsar breytingar sju gerðar á frumv. eins og það kom frá háttv. Ed. Kemur hún því fram með nokkrar breytingartillögur á þgskj. 762.

Um ástæður nefndarinnar fyrir breytingartillögum þessum, skal farið hjer nokkrum orðum.

Um 1.

Í 2. gr. er getið nokkurra atriða, sem hliðsjón beri að hafa af við mat á hverri fasteign. Nefndin telur að í því efni beri eigi eingöngu að taka tillit til verðs þess, er fasteignin *sjálf* hefir verið seld fyrir, heldur og söluverðs fasteigna, sem að henni liggja eða í nágrenni við hana og telur rjett að þetta sje beinlínis tekið fram í lögnum.

Um 2. a.

Nefndin telur rjettara að sýslumaður — sem gera má ráð fyrir að kunnugri sje staðháttum en stjórnarráðið — skeri hér úr og til enn frekari tryggingar, að hann afli sjer jafnan tillagna úttektarmanna, áður en hann kveður upp úrskurð um það hvað skoða skuli sem sjerstaka fasteign við matið.

b) er að eins til skýringar.

Um 3 a.

Sjerstaklega með það fyrir augum, að matið verði notað sem undirstaða undir nýrri skattaálögu, telur nefndin rjett, að auk húsa sjeu metin sjerstaklega mannvirki þau, er gerð hafa verið síðustu 10 árin; eru ýmsir nefndarmenn þeirrar skoðunar að slik mannvirki eigi jafnan að vera undanþegin skatti, en þá eigi matið að sýna hvers virði þau eru sjerstaklega.

b) Nefndin telur óþörf orð þau, er hjer er lagt til að fella burt.

Um 4.

Sú breyting byggist á sömu ástæðum sem 3 a.

Um 5.

Breyting þessi miðar til þess að gera matið enn skýrara.

Um 6.

Nefndin litur svo á, að í 8. gr. frumvarpsins felist í rauninni breyting á nügildandi skattaákvæðum og telur hana því eigi eiga heima í lögum þessum, sem eingöngu skipa fyrir um fasteignamat og hvernig það skuli framkvæma.

Um 7.

Þetta er nokkuð mikil breyting á frumvarpinu, en nefndin fær eigi sjeð að hjá henni verði komist. Frv. mun vera bygt á frv. skattanefndarinnar frá 1907 um jarðamat. Þvi frv. fylgdi annað frv. um skattanefndir. Gerir jarðamatsfrumvarpið sýnilega ráð fyrir því að skattanefndarfrv. yrði samþykkt jafnframt, og mun því byggja á ákvæðum þessum um yfirskattanefndir; skipun þeirra m. m. Í frv. því, sem hjer liggur fyrir er á ýmsum stöðum vísað

til yfirskattanefndar, en engin ákvæði um hvernig sú nefnd sje skipuð, til hve langs tíma o. s. frv. Nefndin telur rétt að fasteignamati verði skotið til yfirmatsnefnda og að þær hafi eftirlit með matinn á þann hátt sem frv. gerir ráð fyrir. Þess vegna leggur nefndin til að upp í frv. séu tekin ákvæði þau um yfirmatsnefndir sem brtt. fela í sjer og eru þau sniðin eftir ákvæðunum um yfirskattanefndir í skattanefndarfrumvarpi nefndarinnar frá 1907. Rjett þykir að kalla nefndir þessar *yfirmats*-nefndir í stað yfirskattanefnda.

12. gr. samkv. breytingartillögum er sanhljóða síðari málsgr. 9. gr. í frumv. efri deildar.

Um 8.

Brtt. í samræmi við það sem segir hjer á undan.

Um 9.

Sjálfsögð breyting.

Neðri deild Alþingis 4. sept. 1915.

Eggert Pálsson
formaður.

Sveinn Björnsson
skrifari og framsögum.

Björn Hallsson.

Hjörtur Snorrason.

Sigurður Sigurðsson.